

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 24. ÁRG. 2018





- | | | |
|---|---|--|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR Leiðari</p> <p>6 REIMAR PÉTURSSON Áskoranir nútímans</p> <p>8 INGIMAR INGASON Félagsmönnum LMFÍ fækkar</p> <p>12 HRINGBORÐSUMRÆÐUR Fjölskylduábyrgðin þarf að komast í umræðuna</p> | <p>18 EYRÚN INGADÓTTIR Ný heimasíða LMFÍ</p> <p>20 VIÐTAL VIÐ KATRÍNU JOHNSON Vinnustaðasamskipti og kynjapólitík</p> <p>25 MÁLÞING FKL Jafnréttisparadísin Ísland?</p> <p>26 HÁDEGISVERÐARFUNDUR Réttlát málsmeðferð við málskot til æðri dóms samkvæmt 6. gr. MSE</p> | <p>30 MAGNÚS BJÖRN BRYNJÓLFSSON Jólasnapsmót LMFÍ: Ný kynslóð komin fram á sjónarsviðið</p> <p>33 HÁDEGISVERÐARFUNDUR Skilyrði áfrýjunarleyfis fyrir Hæstarétti Noregs</p> |
|---|---|--|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Eva Halldórsdóttir lögmaður
netfang: eva@laekjargata.is

Ritnefnd
Björgvin Halldór Björnsson lögmaður
Dániel Isebarn Ágústsson lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður
Víðir Smári Petersen lögmaður

Blaðamaður
Eyrún Ingadóttir starfsmaður félagsdeildar


Stjórn LMFÍ
Reimar Pétursson lögmaður, formaður
Arnar Þór Stefánsson lögmaður, varaformaður
Þórdís Bjarnadóttir lögmaður, ritari
Heiðrún Jónsdóttir lögmaður, meðstjórnandi

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Eyrún Ingadóttir starfsmaður félagsdeildar
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

Forsíðumynd
Frá Þingvöllum
Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Öflun ehf
Sími 530 0800



Njóttu þess sem lífið býður

Einkabankþjónusta Arion banka veitir efnameiri einstaklingum vildtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Við mótum með þér fjárfestingarstefnu og fylgjum henni á meðan þú nýtur þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í síma 444 7410 eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is.

 Arion banki
- fyrir framtíðina



RÍKIÐ SEM AÐILI AÐ DÓMSMÁLI

EVA HALLDÓRSDÓTTIR LÖGMAÐUR
RITSTJÓRI



Ákvarðanir dómsmálaráðherra og verklag í tengslum við skipan dómara í Landsrétt sl. sumar hefur undanfarið verið til umræðu í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Á fundi nefndarinnar 6. febrúar sl. var hins vegar samþykkt að gera hlé á umfjöllun þar til þess að gefa umboðsmanni Alþingis rými til að taka afstöðu til þess hvort hann hygðist hefja frumkvæðisathugun á málinu.

Þann 2. mars sl. sendi umboðsmaður Alþingis nefndinni svo bréf vegna framangreinds. Var það niðurstaða hans að í ljósi fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og Alþingis um undirbúning og ákvarðanir dómsmálaráðherra í tengslum við tillögur um skipun dómara í Landsrétt teldi umboðsmaður ekki tilefni til að taka einstök atriði þess máls til athugunar að eigin frumkvæði. Hið sama gilti um framkomnar upplýsingar um hvernig staðið hefði verið að ráðgjafarskyldu samkvæmt 20. gr. stjórnarráðslaga.

Í erindinu kom hins vegar fram að umboðsmaður hefði hugað að því að hefja frumkvæðisathugun á stigagjöf við mat á umsækjendum um opinber störf, þar sem dregin yrðu fram dæmi um áhrif slíkrar stigagjafar og því hvernig hún horfi við með tilliti til stjórnsýsluréttarins, dómsúrlausna og vandaðra stjórnsýsluhátta, eins og þar segir, með það í huga sérstaklega hvernig þyrfti að vanda betur til verka í þessum málum.

Framangreind niðurstaða umboðsmanns hefur vakið athygli og fengið nokkra umfjöllun á opinberum vettvangi. Minna hefur hins vegar farið fyrir umfjöllun umboðsmanns um stöðu ríkisins sem aðila í dómsmáli, en hana er að

finna í kafla III.3 í bréfinu. Þetta verður að teljast einkar áhugavert fyrir lögmennt en umræður um efnið hafa lengi verið í deiglu þeirra á meðal.

Í umfjöllun umboðsmanns í kafla III.3 kemur fram að embættið hafi sent dómsmálaráðherra fyrirspurnarbréf í janúarmánuði 2018. Í bréfinu hafi umboðsmaður m.a. beint þeirri spurningu til ráðherra hvernig hann, eða ráðuneyti hans, hefði farið yfir og tekið afstöðu til kröfugerðar, málsástæðna og lagaraka sem sett hafi verið fram af hálfu lögmanns ríkisins í dómsmálum sem höfðuð voru á hendur ríkinu af tveimur aðilum úr hópi umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt, en dómur féllu í málinum 19. desember sl.

Umboðsmaður rekur að tilefni framangreindrar spurningar hafi verið að hann hafi í auknum mæli orðið þess var að í dómsmálum, og að einhverju marki í málum fyrir úrskurðarnefndum, sem rekin séu af borgurunum gegn stjórnvöldum sé það tilhneiging hinna síðarnefndu að gæta ekki nægilega að sérstöðu sinni og skyldu til hlutlægni. Stjórnvöld séu bundin af lögætisreglu og að á því hafi verið byggt í stjórnsýsluréttinum að lögætisreglan geti skipt máli við framgöngu stjórnvalds, sem hafi stöðu aðila í dómsmáli, við framsetningu á kröfum stjórnvaldsins og málsástæðum. Um þetta segir umboðsmaður síðan:

„Stjórnvald hafi [...] ekki sama frelsi og einkaaðili til að setja fram kröfur og málsástæður heldur verði það að gæta þess við mótun þeirra að virða gildandi rétt, eins og honum er framfylgt af stjórnvöldum, og leitast við að framfylgja vilja

¹ Bréfið má nálgast á heimasíðu umboðsmanns Alþingis, <http://www.umbodsmadur.is>



Varðveislu persónuupplýsinga lýkur með eyðingu þeirra



Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi



Örugg eyðing gagna

Bæjarflöt 7
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

ÁSKORANIR NÚTÍMANS



REIMAR PÉTURSSON LÖGMAÐUR.
FORMAÐUR

Með tilkomu samfélagsmiðla eiga sér nú stað miklar breytingar í fjölmiðlun. Á árum áður var hugmyndin sú að blaðamenn væru trúnaðarmenn almennings. Þeir báru kennsl á þau málefni sem verðskulduðu nánari skoðun, rannsökuðu þau og birtu, ef vel tókst til, vandaða umfjöllun um þau. Blaðamönnum tókst misjafnlega upp í þessu hlutverki og tími flokksmálgagna hjálpaði ekki til. Það var ljóst að þeir sem höfðu aðra sýn á mál en hin hefðbundnu stjórnsmál áttu erfitt með að fá blaðamenn til að sýna áhuga. Enn erfiðara áttu síðan þeir sem höfðu í raun enga sýn en héldu fram sundurlausum hugmyndum og innihaldslausum slagorðum. Þeir áttu langt frá því greiða leið í fjölmiðla.

Fjölmiðlaumhverfið nú er gjörbreytt; sumt til betri vegar og annað til verri. Eitt sem getur orkað tvímælis er að hver sem er, sama hversu sérkennilegar eða sundurlausar skoðanir hans eru, getur nú miðlað hugmyndum sínum milliliðalaust á samfélagsmiðlum og fangað athygli fólks með bíræfnum aðferðum. Þeir sem nota samfélagsmiðla elta fyrirsagnir og efnisstraumurinn sem berst þeim ræðst svo af þeim fyrirsögnum sem þeir hafa áður smellt á. Krassandi fyrirsagnir geta þannig beint óverðskuldaðri athygli að furðuskoðunum og falsfréttum og fært til þungamiðju þjóðfélagsumræðunnar.

Hefðbundnu fjölmiðlarnir eiga erfitt uppdráttar í þessu umhverfi. Blaðamenn hafa nú mun skemmri tíma til að glöggva sig á málum. Baráttan snýst að einhverju leyti um að koma út áhugaverðum fyrirsögnum og að vera ekki á eftir samfélagsmiðlum í að miðla fréttum. Svigrúm til rannsókna og vandaðra umfjöllunar hefur að sama skapi minnkað, þótt vissulega reyni sumir miðlar að halda slíku til streitu.

Félag eins og Lögmannafélag Íslands þarf að taka mið af þessu umhverfi. Komi upp snöggir blettir í störfum lögmannna eða félagsins má fastlega búast við að slíkt sé blásið upp, slitid úr samhengi og gagnrýnt skefjalaust. Viðbrögð við slíku verða að vera fumlaus, því athygli sem slík mál fá varir aðeins í stutta stund. Svar degi síðar fær enga athygli. Þá situr ekkert eftir annað en hin óverðskuldaða gagnrýni og traust á lögmonnum minnkar.

Í þessu felst áskorun til Lögmannafélagsins að standa vaktina. Félagið verður að vanda störf sín og forðast að gefa höggstað á sér. Við verðum sjálf að vera vakandi fyrir því sem kann að fara úrskaiðis í störfum okkar og bregðast við. Við þurfum að gæta þess að lögbundnu eftirlitshlutverki Lögmannafélagsins sé sinnt og nýta öll tækifæri til að gera betur við framkvæmd þess. Þegar fram koma ábendingar eigum við að taka þær til

verðskuldaðrar skoðunar og bregðast við til frambúðar. Við þurfum einnig að vera reiðubúin að skýra okkar afstöðu með skömmum fyrirvara þegar tækifæri gefast. Þar skiptir ekki síst máli að vera reiðubúin að skýra þá afstöðu okkar að við tökum hlutverk okkar alvarlega og höfum metnað til að gera betur.

Að vísu er það sjálfstætt vandamál að lögbundnar kröfur til lögmanna mættu vera ríkari. Hér þarf lagasetning að koma til og þar strandar ekki á lögmönnum. Dómsmálaráðuneytið hefur hins vegar ekki talið

tækifæri til að ráðast í veigamiklar breytingar á lögum um lögmenn. Þess í stað snúa verkefni ráðuneytisins á þessu sviði nú um stundir einkum að því að setja ákvæði um áskilin heilindi lögmanna vegna brottfalls skilgreiningar um uppreist æru úr lögum. Það er vissulega mikilvægt mál en fleira þarf að gera. Af þeim sökum er félagið reiðubúið með drög að tillögum um auknar kröfur sem gera ætti til lögmanna, m.a. um undanfarandi starfsreynslu og skyldubundna endurmenntun. Vonandi er þess ekki langt að bíða að tækifæri skapist til að taka þau mál á dagskrá.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi


Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholt 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

FÉLAGSMÖNNUM LMFÍ FÆKKAR

Konur ráða sig frekar sem innanhússlögmenn en karlar, félagsmönnum fækkar annað árið í röð og vísbendingar eru um að konum í lögmennastétt fjölgi hlutfallslega á næstu árum. Þetta kemur í ljós þegar tölfræðiupplýsingar um félagsmenn Lögmannafélags Íslands eru skoðaðar. Þá má geta þess að það eru hlutfallslega flestir lögmenn á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin og félagsmenn Lögmannafélags Íslands greiða lægst árgjöld.



Myndin sýnir fjölda lögmanna og fjölgun/fækkun þeirra á árabílinu 2008 – 2018. Í lok febrúar 2018 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1072 talsins og hefur þeim fækkað um 8 frá sama tíma árið 2017 eða sem svarar 0,7%. Eru lögmenn með réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómstólum nú 760 talsins, lögmenn sem auk þess hafa réttindi til málflyttings fyrir Landsrétti eru 2 og lögmenn með réttindi til málflyttings fyrir öllum dómstigum eru 310. Auk þess starfar einn félagsmaður sem solicitor á grundvelli staðfestutílskipunar Evrópusambandsins.

Fækkun félagsmanna

Þeirri miklu og hröðu fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands, sem staðið hefur undanfarna tvo áratugi, virðist nú lokið og hefur félagsmönnum reyndar fækkað nokkuð á síðustu misserum. Fjöldi félagsmanna náði hámarki í ágúst 2016, þegar þeir voru 1101 talsins. Fækkun félagsmanna frá þessu hæsta gildi nemur því 2,6% en viðbúið er að þessi þróun haldi áfram á árinu 2018.


Ýmsar skýringar eru á fækkun lögmanna en vinna tengd uppbyggingu íslensks efnahagslífs eftir hrun hefur ekki nema að litlu leyti náð að vega á móti minnkandi verkefnum tengdum afleiðingum hrunsins. Þá hefur nokkur fjöldi lögmanna tekið sæti í dómstólum landsins að undanfögnu, fyrst með tilkomu Landsréttar um síðustu áramót og einnig í héraðsdómstólunum. Þar sem dómaraströf eru ósamrýmanleg handhöfn málflytningarréttinda þurfa lögmenn sem taka við embætti dómara að leggja inn réttindi sín. Loks hefur hægt umtalsvert á fjölda þeirra sem sótt hafa námskeið til öflunar málflytningarréttinda fyrir héraðsdómstólum sem að einhverju leyti má svo rekja til fækkunar nemenda sem leggja stund á laganám. Þannig eru aðeins 17 þátttakendur nýskráðir á yfirstandandi réttindanámskeiði samanborið við 54 þátttakendur þegar mest lét haustið 2013.

Helmingur lögmanna sjálfstætt starfandi


Sjálfstætt starfandi lögmenn eru 526 talsins eða 49% félagsmanna og hefur þeim fækkað lítillega á milli ára, þó svo hlutfall þeirra haldist óbreytt. Fulltrúum sjálfstætt starfandi lögmanna hefur einnig fækkað á sama tíma og eru þeir nú 185 talsins eða 17% félagsmanna. Innanhússlögmönnum fjölgaði hins vegar á milli ára og voru þeir 309 í lok febrúar sem svarar til 29% af heildarfjölda félagsmanna. Af 309 innanhússlögmönnum störfuðu 85 hjá ríki eða sveitarfélögum og 224 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmansströf sökum aldurs eða sjúkleika var 52 sem svarar til 5% félagsmanna.




Fjöldi nýskráðra á haust- og vörnámsskeið til öflunar réttinda til málflytninga fyrir héraðsdómstólum 2013-2018.



Hlutfallsleg skipting félagsmanna Lögmannafélags Íslands eftir því hvar þeir starfa.



Hlutfallsleg skipting kvenna í Lögmannafélagi Íslands eftir því hvar þær starfa.



Hlutfallsleg skipting karla í Lögmannafélagi Íslands eftir því hvar þeir starfa.

Konur 31% félagsmanna

Konur í Lögmannafélagi Íslands eru 331 talsins eða 30,9% félagsmanna. Þar af eru 282 með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum og 49 með réttindi til málflutnings fyrir öllum þremur dómstigum. Sjálfstætt starfandi konur eru 111 talsins og 79 konur starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 139 konur sem innanhússlögmenn, þar af 38 hjá ríki eða sveitarfélögum og 101 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru 2 konur hættar störfum sökum aldurs.


Frá aldamótum hefur konum fjölgað hlutfallslega úr því að vera 15,1% félagsmanna í 30,9% og má gera ráð fyrir að þeim fjölgi á næstu árum. Frá því núverandi fyrirkomulag réttindaöflunar tók gildi árið 2000 hafa konur verið 46,6% þeirra sem sótt hafa námskeið til öflunar málflutningsréttinda. Þá er hlutfall kvenna yngri en 50 ára 80,4% á sama tíma og hlutfall karla á þessu aldursbili er 58,6%. Til samanburðar má svo nefna að hlutfall kvenna í lögmannafélögum hinna Norðurlandanna er á bilinu 31% til 37%.

Karlar 69% félagsmanna


Karlar í LMFÍ eru 741 talsins. Þar af er 461 með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum, 2 eru með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti og 278 með réttindi fyrir öllum þremur dómstigum. Sjálfstætt starfandi karlar eru 415 talsins og 106 karlar eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Sem innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 170 karlar, þar af 47 hjá ríki eða sveitarfélögum og 123 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 50 karlar hættir störfum.

Ólíkur starfsvettvangur karla og kvenna

Sé aldurshlutfall kynjanna skoðað eftir því hvaða starfsvettvangur lögmenn hafa valið sér kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Þannig eru 53% karla yngri en 50 ára sjálfstætt starfandi lögmenn en aðeins 27% kvenna. Hlutfall karla í félaginu yngri en 50 ára, sem starfa sem fulltrúar á lögmannstofnum, er 22% en hlutfall kvenna í sömu stöðu og á sama aldursbili er 29%. Þá er hlutfall innanhússlögmanna miðað við sömu aldursforsendur 25%



Aldurdreifing kvenna í Lögmannafélagi Íslands eftir því hvar þær starfa.



Aldurdreifing karla í Lögmannafélagi Íslands eftir því hvar þeir starfa.

hjá körlum en 43% hjá konum. Þegar skoðuð er sambærileg skipting milli þeirra sem eru 50 ára og eldri kemur í ljós að munurinn á milli kynja er almennt minni. Þannig er hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna í þessum aldurshópi 60% hjá körlum en 55% hjá konum. Hlutfall þeirra sem starfa sem fulltrúar lögmanna í þessum aldurshópi er jafnt hjá bæði kynjum eða 5%. Hins vegar er töluverður munur á hlutfalli kynjanna þegar kemur að innanhússlögmönnum í þessum aldurshópi, en 19% karlkyns lögmanna starfa sem slíkir á móti 37% kvenna. Loks er hlutfall karla sem hættir eru störfum sökum aldurs eða veikinda 16% á meðan hlutfall kvenna er aðeins 3%.

Hlutfallslega flestir lögmenn á Íslandi

Eins og að líkum lætur er fjöldi lögmanna á Norðurlöndunum afar mismunandi eftir ríkjum enda töluverður munur á íbúafjölda þeirra. Flestir eru lögmenn í Noregi eða 8.981 talsins, en lögmenn í Danmörku koma þar á eftir, en fjöldi þeirra er 6.309. Svíþjóð fylgir skammt á eftir, með 5.918 lögmenn og í Finnlandi eru þeir 2.124 talsins. Ísland rekur svo lestina með 1.072 lögmenn.

Séu tölur um fjölda lögmanna á Norðurlöndunum hins vegar skoðaðar út frá fjölda íbúa, þá er hlutfallið hæst hér á landi þar sem einn lögmaður er á hverja 314 íbúa. Í Noregi er hlutfallið einn fyrir hverja 594 íbúa, í Danmörku einn á hverja 911, í Svíþjóð er hlutfallið einn á móti hverjum 1.683 og í Finnlandi er einn lögmaður á hverja 2.606 íbúa. Eins og glögggt má sjá af þessu tölum þá eru ríflega áttfalt fleiri lögmenn hér á landi miðað við Finnland, sé miðað við íbúafjölda.

Árgjald lægst á Íslandi

Töluvert bil er á milli fjárhæða hæsta og lægsta árgjalds til lögmannafélaganna á Norðurlöndunum. Lægst gjald greiða félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands eða kr. 60.000,- en til samanburðar greiða sænskir lögmenn rúmlega kr. 66.000,- norskir kr. 73.000,- finnskir kr. 130.000,- en danskir lögmenn greiða hæst árgjald eða tæpar kr. 140.000,-.

Ingimar Ingason

LAGADEILD



Metnaðarfullt nám í hæsta gæðaflokki

www.lagadeild.hi.is

Umsóknarfrestur um grunnám er til 5. júní

Næsta A-próf verður haldið 8. júní

Nánar á www.hi.is/a_prof



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILD

www.hi.is

HRINGBORÐSUMRÆÐUR

FJÖLSKYLDU- ÁBYRGÐIN ÞARF AÐ KOMAST Í UMRÆÐUNA

Í desember sl. kom út skýrsla um starfsumhverfi lögmanna og fjölskylduábyrgð. Tildrög skýrslunnar eru þau að stjórn LMFÍ samþykkti á fundi í október 2015 að skipa starfshóp til að reyna að kortleggja hvort og hvernig fjölskylduábyrgð og skipting hennar á heimili hefði áhrif á störf lögmanna og starfshorfur þeirra. Í starfshópnum voru Eva Halldórsdóttir, Grímur Sigurðsson og Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir.

Niðurstöður skýrslunnar eru í stuttu máli þær að ýmsar vísbendingar eru um hæfileikaflotta meðal lögmanna með sama hætti og er á Norðurlöndum. Það að 90% fulltrúa finni fyrir streitu og 50% fulltrúa sjái ekki fyrir sér að starfa sem lögmenn í framtíðinni sé vart ásættanlegt. Lögmannablaðið fékk þau Mörtu Margréti Ö. Rúnarsdóttur, einn skýrsluhöfunda, Reimar Pétursson, formann LMFÍ og Kolbrúnu Garðarsdóttur, formann Félags kvenna í lögmennsku til að ræða efni skýrslunnar við Daníel Isebarn Ágústsson lögmann.

Daníel Isebjörn Ágrýsson



Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir



Reimar Pétursson



Kolbrún Gardarsdóttir



Breytingar á lögmannastétt

Daníel: Það er komin út skýrsla sem er góður upphafspunktur til að greina störf lögmannna. Er ekki rétt skilið að konum er að fjölga í lögmennsku en aftur á móti eru þær með lægri laun?

Marta Margrét: Konum hefur fjölgað hlutfallslega í stéttinni, kannski eðlilega, enda hafa þær verið í meirihluta þeirra sem útskrifast úr laganámi og eru helmingur þeirra sem sækja námskeið til að afla lögmannsréttinda. Í skýrslunni byggðum við á gögnum frá Lögmannafélaginu og könnun sem Lögmannablaðið gerði 2016 á meðal fulltrúa á lögmannsstofum. Þar kom fram að konur sem fulltrúar voru með 8% lægri laun en karlar. Af svörunum virtist ekki hægt að rekja það til minna vinnuframlags. Það er tilefni til þess að skoða þetta nánar.

Reimar: Nú er það að gerast að lögmonnum með réttindi fækkar á milli ára og það er ástæða til að skoða þá sem leggja inn réttindin og velta fyrir sér ástæðum þess að þeir gera það.

Marta Margrét: Samsetning stéttarinnar er almennt að breytast mjög mikið, bæði hvað varðar aldurshlutföll, kynjahlutfall og fjölda. Fleiri vinna sem fulltrúar og innanhússlögmenn á kostnað sjálfstætt starfandi. Það þyrfi að fylgjast vel með þessu.

Eigendur lögmannsstofa

Daníel: Það er athyglisvert að þrátt fyrir að konum hafi fjölgað í stéttinni þá hefur þeim ekki fjölgað hlutfallslega sem sjálfstætt starfandi lögmennt eða sem eigendur lögmannsstofa síðastliðin 15 ár. Af hverju er það?

Marta Margrét: Já, það er athyglisverður munur á starfsvali innan lögmannastéttar á milli kynja. Konur eru hlutfallslega fleiri í hópi fulltrúa og innanhússlögmanna en einungis 35% þeirra eru sjálfstætt starfandi. Sama hlutfall er 56% hjá körlum og þessi hlutföll hafa ekkert breyst í áratug. Við erum auðvitað lítill markaður og hér eru fáar lögmannsstofur með mismunandi rekstrarform. Við sjáum það hins vegar á Norðurlöndum að þrátt fyrir að konur hafi verið meirihluti fulltrúa þar í yfir áratug þá fækkar þeim mjög eftir því sem farið er ofar í stiganum, eru einungis milli 10-20% eigenda. Í fyrrnefndri könnun Lögmannablaðsins kom fram sú athyglisverða staðreynd að konur sem eru fulltrúar á Íslandi telja sig síður eiga möguleika á að verða eigendur en karlar sem eru fulltrúar.

Reimar: Það virðist vera sama munstrið hér og á Norðurlöndum og það er mikið áhyggjuefni. Konur eiga einhvern veginn erfiðara uppdráttar við að verða meðeigendur á lögmannsstofum. Það er mikil samkeppni á stofunum og mig grunar reyndar að sá tími sem lögmennt þurfa að starfa sem fulltrúar áður en þeir eiga þess kost að verða eigendur hafi lengst.

Marta Margrét: Ég rakst á frétt nú um daginn um að tvær stórar stofur í Noregi ætli sér að grípa til markvissra aðgerða til að reyna auka fjölda kvenna í hópi eigenda. Í skýrslu starfshópsins eru dæmi nefnd um tvær stórar danskar stofur sem hafa gert það sama. Á Norðurlöndum er það álitid vandamál lögmannsstofa að þær séu að missa frá sér starfsfólk sem er búid að þjálfa upp, e.t.v. í tvö til fjögur ár. Auðvitað eru mjög margar mismunandi og eðlilegar ástæður fyrir því að fólk, konur og karlar, breytir um

starfsvettvang. Það þarf hins vegar að koma í veg fyrir að stofur missi fólk út að óþörfu.

Fæðingarorlof

Daníel: Í skýrslunni segir ljóst að löng fjarvera frá vinnu vegna fæðingarorlofs kunni að hafa áhrif á starfshorfur lögmannna, bæði fulltrúa og þeirra sem eru sjálfstætt starfandi. Hvað segið þið um þetta?

Marta Margrét: Eins og við getum um í skýrslunni eru konur almennt lengur frá vinnumarkaði en karlar í fæðingarorlofi. Karlar skipta sínu orlofi oftast upp í styttri tímabil svo það er ekki jafn mikil samfelld fjarvera. Mörgum finnst erfitt, tímabundið, að koma aftur inn í lögmennsku eftir langa fjarveru. Í rannsóknum á Norðurlöndum hefur verið reynt að benda á lausnir, m.a. tímabundinn stuðning við komu aftur til starfa eftir orlof með tíðari starfsmannasamtölum.

Reimar: Karlar eru í ákveðinni aðstöðu þegar kemur að fæðingarorlofi. Þeir þurfa ekki að fara nema í stuttan tíma ef þeir búa við þannig samkomulag á heimilinu. Kona sem fæðir barn, og er með mikinn stuðning á heimilinu, gæti hugsanlega verið frá í skemmri tíma en margar fara í fullt fæðingarorlof. Þegar þær fara taka starfsfélagarnir við verkefnunum, hugsanlega líka samskipti við kunnana, og þegar konan kemur til baka kemur hún að breyttum vinnustað þar sem hún er með autt skrifborð og gegnir ekki sama hlutverki og þegar hún fór. Mín tilfinning er sú að þarna liggja ákveðið vandamál sem þurfi að kljást við. Ég veit ekki hver lausnin er en það má skoða hvað er unnt að gera til að konur geti tekið upp þráðinn og fái verkefni við hæfi þegar þær koma til baka og hvort sveigjanlegur vinnutími geti komið að gagni til að halda einhvers konar lífi í starfsferlinum þó þær hverfi frá í nokkra mánuði.

Daníel: Þör þurfa auðvitað að vera samtaka í því að vera sanngjörn í þessum efnum. Ég held að eldri kynslóðin á lögmannsstofunum þurfi að líta í eigin barm. Það er fullur skilningur fyrir því að konur fari í fæðingarorlof en það er ekki alltaf skilningur fyrir því að karlar fari líka. Þótt karl sé allur að vilja gerður þarf hann að mæta yfirmanni sem er ekki tilbúinn til að skilja það að hann þurfi að sinna barni sínu, komi jafnvel með athugasemdir eins og „varst þú að eiga þetta barn eða...“ og sendir jafnvel tvo til þrjá tölvupósta á dag. Það er ekki viðurkennt hjá mörgum eigendum eða stjórnendum lögmannsstofa að karlar fari í fæðingarorlof. Það liggur við að það sé litið svo á að þeir séu bara að biðja um þriggja mánaða frí.

Reimar: Það er áhugavert að karlar í fæðingarorlofi fái alla tölvupóstana en gerist það líka hjá konum?

Marta Margrét: Ég held að það sé mjög misjafnt. Fer e.t.v. eftir því hvort þær eru í sjálfstæðum rekstri eða fulltrúar og þá eftir stærð stofa.

Kolbrún: Konur með ung börn eru ekki margar sjálfstætt starfandi lögmennt.

Reimar: í Noregi var verið að tala um að þegar konur kæmu úr fæðingarorlofi á stærri stofurnar þá upplifðu þær kalt viðmót. Ungur keppinautur tekur yfir verkefni og ef að stofan er ekki að vaxa, verkefnum að fjölga, þá er henni ofaukið þegar hún kemur til baka. Þetta finnst manni hljóma þannig að á litlum stofum er það blóðtaka að missa út starfsmann í t.d. sex mánuði svo þeir verða að fá einhvern annan í staðinn. Svo kemur konan aftur og þá eru menn kannski ekki með nein verkefni. Hér þarf að finna einhverja nothæfa lausn því það virðist ekki sérstaklega raunhæft að þvinga karla til að taka fæðingarorlof, þetta er náttúrulega samkeppni og svona.

Marta Margrét: Áherslan ætti líklega að vera á það hvernig er hægt að auka stuðning við komu aftur til vinnu frekar en að viðkomandi vinni í fæðingarorlofinu eða stytta það. Við hljótum að vilja að lögmennt, karlar og konur, geti eignast börn og haldið áfram í lögmennsku. Þetta er hins vegar áskorun, bæði þegar um er að ræða fulltrúa og ekki síður þá sem eru í sjálfstæðum rekstri.

Reimar: Ég er að velta fyrir mér hvernig hægt er að koma málum þannig fyrir að þegar konur koma til baka þá sé ekki eins og þær séu á byrjunarreit. Auðvitað viljum við frekar að jarðvegurinn fyrir bæði konur og karla sé þannig að það sé eftirsóknarvert að fara í fæðingarorlof. Að karlar sem gera það hætti ekki neinu í sínum starfsframa frekar en konurnar.

Kolbrún: Ég hef meiri áhyggjur af því þegar fæðingarorlofinu sleppir. Hvernig foreldrum með ung börn gengur að samrýma lögmannsstarfið og fjölskylduábyrgð. Ég þekki þess dæmi að konur hafi dottið út fljótlega eftir að þær komu úr fæðingarorlofi. Þær gátu ekki verið sjálfstætt starfandi lögmennt með börn á leik- og grunnskólaaldri. Þurfandi að fara heim klukkan fjögur á daginn með tímafresti tikkandi. Þær buguðust undan þessu og rekstrargrundvöllurinn var líka erfiður. Aðstæður voru þannig hjá þessum konum að fjölskylduábyrgðin var á þeim. Ég veit ekki hvað við getum



1 SYSTEMS
One

1 SYSTEMS
OneRecords
Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Lex lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn, Patice lögmenn



1 SYSTEMS OneDrag'nDrop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifnu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna. Vottað af KPMG.



Hægt að fá IPAD lesaðgang.
(spjaldröðvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

1 SYSTEMS
One

gert til að fjölga konum eða koma í veg fyrir að þær gefist upp á meðan þær eru með ung börn. Ég held einfaldlega að starfsumhverfið í lögmennsku bjóði ekki upp á það nema þær eigi maka sem getur deilt ábyrgðinni.

Fjölskylduábyrgðin

Daníel: Svo ég grípi boltann frá Kolbrúnu, hverjir sinna svo fjölskyldunni þegar búið er að stofna til hennar? Það eru veikindi, skólafrí...

Reimar: Ég er þeirrar skoðunar að karlar beri nákvæmlega sömu skyldur og konur og mér finnst að konur í okkar stétt eigi að vera ófemnar við að nýta sér þann rétt sinn að leggja skyldur á sína eiginmenn þegar því er að skipta. Karlar eiga engan betri rétt en konur á að eiga starfsframa. Konur bera ekki einar ábyrgð á að reka heimilið. Sú ábyrgð er sameiginleg.

Lögmansstarfið bugandi

Daníel: Það kemur fram að 54% fulltrúa geti ekki samræmt starf og fjölskyldu og 90% fulltrúa finna fyrir streitu. Er þetta lögmennskan eða bara íslenskur „vinnukúltúr“?

Reimar: Það vakna óneitanlega margar spurningar við að kafa ofan í þessi mál. Það er óásættanlegt að konur upplifi lögmennsku ekki sem aðlaðandi vettvang til framtíðar. Það er ekki hægt að setta sig við það.

Marta Margrét: Í könnun danska lögfræðingafélagsins kom fram að 50% fulltrúa íhuguðu að skipta um starf. Það var ekki bundið við konur og var álitid mjög alvarleg staðreynd. Í þeim könnunum kom fram að ástæða þessa væri óánægja með stjórnun, of mikið vinnuálag og erfitt að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Það er álag í öllum störfum og ætti ekki að vera meira álag í lögmennsku

en í mörgum öðrum. Að flytja mál fyrir dómstólum eða vinna að samningagerð á ekki að fela í sér svo mikið álag að þú getir ekki sinnt fjölskyldunni. Það eru jú skilafrestir í öllum vinnum.

Reimar: Lögmennskan er auðvitað krefjandi verkefni og hlýtur að höfða til fólks sem vill taka áskorunum. Að einhverju leyti er erfitt að breyta því. Mér finnst kjarnapunkturinn vera sá að við þurfum að bera virðingu fyrir hverju öðru og ég hef aldrei orðið var við annað að ef að maður þarf að færa til fyrirtökur t.d. vegna veikinda á heimili, þarf að komast frá vegna skyldna við fjölskyldu, þá ríki á því skilningur.

Marta Margrét: Í skýrslunni fórum við heildstætt yfir þætti starfsumhverfis lögmanna; vinnuálag, launagreiðslur, sveigjanleika, framgang í starfi, orlof, reglur réttarfarsins og fleira. Það er oft mikið vinnuálag í lögmenskunni en starfsumhverfi er svo margt annað líka. Varðandi flesta þætti vorum við ekki með nægileg gögn en sum gögnin veita vísbendingar um að ýmislegt þurfi að skoða. Til að mynda virðist vera lítið gagnsæi hvernig fyrirkomulag árangurstengdra greiðslna fulltrúa er. Sveigjanleiki í starfi kann þá að vera mismunandi eftir aðstæðum, t.a.m. stærð stofa. Þetta þarf að kanna betur.

Kolbrún: Ég velti fyrir mér hvort streita sé meiri hjá fulltrúum? Hvort þeir séu undir hælnum á vinnuveitandanum?

Reimar: Ég held að streita minnki ekki við það að verða eigandi. Það fylgir því ákveðin ábyrgð, t.d. varðandi reksturinn. Eigendur minni lögmansstofa eru t.d. í öllum verkefnum og þurfa að sinna fleiri verkefnum, t.d. bókhaldi, skattauppgjörum og fleiru.





Kolbrún: Það er öðruvísi streita, þú stjórnar hlutunum meira. Það er ætlast til þess að fulltrúar vinni ákveðin verkefni og þeir eru með skilafrest. Svo er hlaðið á þá verkefnum.

Daníel: Er það menning í lögmennsku að eðli starfsins sé þannig að það sé unnið myrkranna á milli? Mér finnst margir lenda í því að vera að vinna um kvöld og helgar. Ef það er málflutningur á mánudagsmorgni þá þarf að nota helgina til að undirbúa sig. Ég velti fyrir mér hvort lögmennska á Íslandi þurfi að vera meira en fullt starf? Þetta eru óskrifaðar reglur. Allir hinir fulltrúarnir vinna frameftir þegar þú ferð heim klukkan fjögur. Enginn segir að þú þurfir að gera það líka en þetta verður innprentað.

Kolbrún: Já, mér finnst menningin vera þannig. Það er ekki hægt að ganga að því sem vísu að lögmennska sé eingöngu frá 8:00-16:00.

Reimar: Ég held að þetta sé mjög mismunandi.

Marta Margrét: Já, ég held að þetta sé rétt. Fall bankanna leiddi af sér mikla vinnu hjá mörgum lögmönnum og það er spurning hvernig þetta verður á næstu árum. Svo verður að hafa í huga að það er grundvallarmunur á hlutverki og aðstöðu á milli eigenda stofa eða þeirra sem eru í sjálfstæðum rekstri og fulltrúa, sem eru bara starfsmenn.

Reimar: Af tveimur valkostum, að hafa of mikið að gera eða of lítið, þá held ég að flesti lögmenn velji fyrr kostinn. Þetta er lífsviðurværi fólks.

Kolbrún: Fulltrúarnir lenda í því að þurfa uppfylla einhvern ákveðinn fjölda útseldra tíma til að fá bónusgreiðslu. Það þarf að gera miklu ítarlegri greiningar á þessu.

Marta Margrét: Það hefur verið skrifað talsvert um þessa áherslu sem lögð er á útselda tíma. Útseldur tími segir ekki alltaf allt. Útseldur tími hjá reyndum starfsmanni getur skilað meiru heldur en hjá óreyndum. Þessi kerfi geta svo verið ýmiss konar og eftir því sem starfshópurinn heyrði af virðast þau leggja mismunandi forsendur til grundvallar. En óháð þessu þá hlýtur það að vera keppikefli fyrir lögmennsstofur að halda í sitt starfsfólk sem hefur áhuga á að vera í lögmennsku. Eins og ég nefndi hafa einstaka stærri stofur reynt að greina hvar vandamálin liggja og gripið til aðgerða, svo sem í Noregi og Danmörku.

Daníel: Hvað er til ráða?

Marta Margrét: Það vantar ef til vill almennt samtal við stjórnendur lögmennsstofa á Íslandi. Eins og við nefnum í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu í rannsókn norska lögfræðingafélagsins frá 2011 að það þurfi viðhorfsbreytingu og það náist meðal annars með stjórnendum lögmennsstofa.

Reimar: Við þurfum að búa til eitthvert verkfærabox sem við getum notað til að vinna á móti þessu.

Daníel: Það vantar ekki lög og reglur, þau eru öll til staðar.

Reimar: Kannski vantar upp á að þeim sé framfylgt.

Marta Margrét: Ég hef heyrt að það sé meiri samkeppni nú en oft áður og að þeir sem eru nýútskrifaðir séu til í að leggja ýmislegt á sig til að fá reynslu. Þá er spurningin hvort að allir sitji þar við sama borð, þeir sem bera fjölskylduábyrgð og þeir sem ekki bera slíka ábyrgð. Karlar og konur.

Daníel: Það er glatað umhverfi fyrir viðhorfsbreytingu. Í svona umhverfi fer ekki nýráðinn fulltrúi, valinn úr 50 umsækjendum, heim kl. 16.00 til að sækja krakkann og slekkur á símanum.

Marta Margrét: Lögmennskan er erilsamt starf, á því er enginn vafi. Við eigum það sammerkt með mörgum öðrum fagstéttum. Ég held að allir sem ætli sér að vera í lögmennsku átti sig á því. Það sem við verðum kannski að skoða líka er að á ákveðnu tímabili í lífinu eru konur og karlar með lítil börn og þurfa meira svigrúm. Síðan kemur sá tími aftur að viðkomandi getur gefið meira af sér í vinnu.

Hvað er til ráða?

Marta Margrét: Mér finnst flott hjá Lögmannafélaginu að skipa þennan starfshóp. En hvað á nú að gera? Komin með þessa fínu skýrslu.

Reimar: Það þarf að gera ítarlegri könnun með þeim atriðum sem fram koma í skýrslunni. Svo er stefnan að taka þessa umræðu á Lagadaginn í örmálstofu. Ég vildi gjarnan að það yrði gert út frá því hvað er hægt að gera. Það er eitthvað að. Á einhverju tímamarki hætta menn að rannsaka og fara að gera.

Kolbrún: Inntakið í skýrslunni er að það þarf að framkvæma meiri kannanir.

Marta Margrét: Já, það vantar ýmis gögn sem þarf að afla, eins og bent er á í skýrslunni. Það er þó ólíklegt að við skerum okkur mjög úr miðað við hin Norðurlöndin. Við vitum líkast til í aðalatriðum hvar áskoranirnar liggja.


Reimar: Niðurstaðan er að hlutskipti kvenna og karla í lögmennsku er ekki það sama og ég auglýsi eftir hugmyndum. Ég lít á það sem hagsmuni réttarríkisins að það séu konur jafnt sem karlar í stétt lögmanna.

Marta Margrét: Í skýrslunni er bent á ýmsar leiðir sem skoðaðar hafa verið á Norðurlöndunum og bent á aðgerðir. Við þurfum ekki að finna upp hjólið.

Daníel: Viðhorf stjórnenda lögmennsstofa þarf að breytast, þeir stjórna álaginu.

Kolbrún: Fjölskylduábyrgðin þarf að komast í umræðuna.

Skýrslu starfshópsins er hægt að nálgast á heimasíðu LMFÍ



NÝ HEIMASÍÐA LMFÍ

Ný heimasíða Lögmannafélags Íslands fór í loftið í lok janúar en gamla heimasíðan hafði þjónað félagsmönnum og öðrum notendum í heil 16 ár. Vinna við nýju síðuna hófst fyrir alvöru á síðasta ári en vegna leitarmöguleika í félagatali og tengingar við dómstóla var hún talsvert flókin í úrvinnslu.

Notendur heimasíðunnar eru annars vegar lögmenn og hins vegar almenningur sem getur, eins og áður, leitað að lögmönnum eftir málaflokkum. Upplýsingar fyrir lögmenn er gert talsvert hærra undir höfði en áður og ætti því síðan að vera notendavænni. Nýja útlitið hefur vakið ánægju en ennþá er verið að sníða agnúa af henni. Allar ábendingar eru vel þegnar.

EI

HUGSANLEGA BESTU KAUPIN



Þjónustuskoðun í tvö ár fylgir nýjum Outlander PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV var valinn vinsælasti bíllinn í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Nú bjóðum við þennan magnaða bíl á frábærum kjörum með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Að auki fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum* á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

Outlander Invite PHEV

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

4.540.000 kr.

Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum Mitsubishi sem pantaðir eru í mars.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að upplýttum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

*Nánar upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.


HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

VIÐTAL VIÐ KATRÍNU JOHNSON,
PÓLITÍSKAN MANNFRÆÐING



VINNUSTAÐA- SAMSKIPTI OG KYNJAPÓLÍTÍK

Samskipti kynjanna á þremur lögmannsstofum var umfjöllunarefni Katrínar Johnson mannfræðings í meistararitgerð hennar sem hún lauk í febrúar 2017. Ritgerðin fjallar um vinnustaðasamskipti og kynjapólitík á þremur lögmannsstofum – einni með konur í miklum meirihluta, annarri með karla í miklum meirihluta og þeirri þriðju með nokkuð jafnt kynjahlutfall. Katrín framkvæmdi svokallaða þátttökurannsókn sem fólst í því að hún eyddi þremur vikum á hverri stofu og varð þannig til skamms tíma hluti af lögmannsstofulífinu þar sem hún gat fylgst með samskiptum, lífi og störfum starfsfólksins. Lögmannsblaðið settist niður með Katrínu og forvitnaðist um niðurstöðuna.



Ljósmynd: M. Flóvent

Vald á vinnustað

Af hverju valdirðu að rannsaka vinnustaðasamskipti á lögmannsstofum?

Mannfræðin er í eðli sínu frekar opin en áhugasvið mitt varð fljótt skýrt í náminu og ég þrengdi fókusinn eftir því. Ég fór að skoða vald og áhrif þess í samfélaginu – hvar það liggur, hvernig það hreyfist og hvaða áhrif það hefur. Jafnréttismál kynjanna urðu mér hugleikin og ég hóf að skoða þau út frá valdahugtakinu, en vald er mótandi afl í flestum ef ekki öllum aðstæðum og samskiptum.

Endanlega rannsóknarhugmyndin var í töluvert langan tíma að mótast, gerjast og breytast en ég vissi samt allan tímann að valdahugtakið og kynjabreytan yrðu í forgrunni. Á endanum ákvað ég að skoða vinnustaðasamskipti, vinnustaðapólitík og vald einstaklinga á vinnustað, út frá kyni. Þetta snerist því ekki um lögmennskuna sem slíka, heldur var það frekar tilviljun sem réði því að ég rannsakaði samskipti á lögmannsstofum.

Eftir nokkra byrjunarörðugleika kom upp sú hugmynd að skoða þrjá vinnustaði þar sem starfsfólk væri háskólamenntað og væru sambærilegir að öllu leyti nema hvað kynjahlutfall varðaði. Bróðir minn, sem þá var nýútskrifaður lögfræðingur í leit að vinnu, benti mér á að lögmannsstofur gætu uppfyllt þessi skilyrði fullkomlega. Þegar ég fór að skoða málið sá ég strax að þetta var rétt hjá honum og að lögmannsstofur væru frábær rannsóknarvettvangur.

Erfiðara að fá að rannsaka karlavinnustað

Var erfitt að finna lögmannsstofur sem vildu taka þátt?

Mér var strax vel tekið þegar ég hafði samband við lögmannsstofuna með kvenlögmann í miklum meirihluta. Ég var beðin um að senda stutta greinargerð um rannsóknina með nánari lýsingu og fékk þá strax jákvætt svar. Strax mánudaginn eftir þetta, minna en viku eftir að ég hafði upphaflega samband, mætti ég á stofuna og hóf rannsóknina. Ég er þeim mjög þakklát fyrir að hafa tekið mér svona vel. Daginn sem rannsóknin hófst hafði ég ekki haft samband við neinar fleiri lögmannsstofur og vissi því ekkert hvort það gengi jafn vel að fá leyfi fyrir rannsókninni á fleiri stöðum. Ég treysti því bara að hálfnað væri hafð verk og lofaði sjálfri mér að láta þetta virka, hvað svo sem yrði. Þegar rannsóknin var komin af stað á fyrstu lögmannsstofunni lagði ég til atlögu við lögmannsstofur með karla í miklum meirihluta. Á fyrstu fjórum var svarið þvert nei. Í fimmtu tilraun var mér boðið á fund, ég sendi svo nánari greinargerð og útskýringu og fékk þá jákvætt svar. Á lögmannsstofum með nokkuð jafnt kynjahlutfall gekk þetta talsvert betur en á annarri lögmannsstofunni sem ég hafði samband við fékk ég fund. Eftir þann fund og nánari greinargerð kom svo jákvæða svarið. Þegar horft er á þetta ferli í heild tel ég ljóst að kyn mitt hafi haft áhrif og ég er viss um að útkoma karls hefði verið önnur.

Kynjasamsetning hefur áhrif

Fannst þér kynjahlutfallið hafa áhrif á menningu og samskipti starfsmanna?

Já, kynjasamsetningin hafði áhrif á vinnustaðapólitík og vinnustaðasamskipti.

Á lögmannsstofunni með konur í miklum meirihluta, og á stofunni með nokkuð jafnt kynjahlutfall, voru samskiptin almennt talsvert meiri en á þeirri með karla í miklum meirihluta. Meira var um samtöl og ráðfæringar á milli lögmannanna og almennt voru samskiptin afslappaðri og hlýrri, ef svo má segja, virtust endurspeglar meiri eða nánari kynni. Þó á ég alls ekki við að andrúmsloftið hafi verið slæmt á stofunni með karlana í meirihluta, það var það alls ekki en það var öðruvísi, minna um samtöl og ráðfæringar milli lögmannanna og samskipti þeirra þurrari. Þar var líka áberandi að mestu og persónulegustu samskiptin voru talsvert háð þátttöku eða nærveru móttökuritarans á stofunni. Það var ung kona sem var hress, ljúf, hlý og mjög vel liðin. Án hennar (eða annarrar manneskju með svipaða eiginleika) hefði sú lögmannsstofa eflaust verið mun þurrari vinnustaður.

Annað viðmót til kvenlögmannna

Hvað kom þér mest á óvart á meðan rannsókninni stóð?

Hvað karllæg gildi og gamaldags, steríótýpískar hugmyndir um kynin eru enn ráðandi þrátt fyrir að konum í lögmennsku hafi fjölgað jafn mikið og raun ber vitni. Það kom mér líka á óvart hvað konur glíma oft við mikið rugl og vanvirðingu – að þær mæta oft allt öðru viðmóti en karlar í sömu stöðu og búa því í raun við annan veruleika.

Sem jafnast kynjahlutfall best

Hverjar voru helstu niðurstöður rannsóknarinnar?

Ég komst að því að það er betra fyrir bæði kvenlögmennt og karllögmennt að hafa sem jafnast kynjahlutfall á vinnustaðnum. Ástæðurnar að baki þessu eru hins vegar gjörólíkar.

Hvað varðar karllögmennt skapaði það betra andrúmsloft á stofunni að hafa jafnara kynjahlutfall. Karlmenirnir virtust þá vera afslappaðri að einhverju leyti, geta leyft sér ákveðna mýkt og viðkvæmni. Líði fólk vel í vinnunni verða afköst meiri og árangur betri. Rannsóknir hafa líka sýnt fram á að rekstur fyrirtækja gengur almennt betur þegar bæði kynin halda um stjórnartaumana.

Kvenlögmennt virtust almennt njóta góðs af nærveru karllögmannna hvað varðar trúverðugleika og myndun

tengslanets en þessir þættir reynast konum í valda- og sérfræðistöðum almennt erfiðari en körlum. Í krafti kyns síns njóta karllögmennt almennt einhvers sjálfkrafa trúverðugleika sem kvenlögmennt gera ekki. Hér þarf að athuga að sögulega er örstutt síðan konur fóru að hasla sér völl á atvinnumarkaði og fóru að láta til sín taka sem sérfræðingar og valdaaðilar. Karlar eru því nokkurs konar „frummynd“ sérfræðinga og valdaaðila, þar af leiðandi „frummynd“ lögmannna. Ímyndi fólk sér lögmann, sjá flestir fyrir sér karl en ekki konu. Kvenlögmennt eru sögulega „nýtt afbrigði“ af lögmanni og sem slíkar mæta þær síður þessum sama sjálfkrafa trúverðugleika og karlar gera. Þær þurfa því stöðugt að sanna sem sig sem lögmennt á hátt sem karllögmennt þurfa ekki. Og þetta er enn flóknara. Kvenlögmennt mæta nefnilega mótsagnakenndum kröfum. Þær þurfa ekki bara stöðugt að sanna sig sem sterkar og harðar í horn að taka sem lögmennt, heldur verða þær um leið að uppfylla almennar hugmyndir fólks um hvernig kona á að vera, líta út og hegða sér. Þetta felur í sér ákveðna mótsögn. Konur þurfa sem lögmennt oft að vera sérstaklega harðar og sterkar til að mark sé tekið á þeim, en séu þær of harðar og sterkar mæta þær oft andstöðu, þar sem fólk stimplar þær sem frekjur eða sköss. Steríótýpískar hugmyndir um kynin og hlutverk þeirra staðsetja konur nefnilega sem mjúkar og blíðar, sem mæður og umönnunaraðila, en ekki sem sterka og sjálfstæða lögmennt. Þótt það sé alvanalegt í dag að konur séu lögmennt þá blunda enn í fólk gamalgrónar hugmyndir um kynin, getu þeirra, eiginleika og hlutverk, sem gerir kvenlögmenntum oft erfitt fyrir.

Þegar kvenlögmennt starfa við hlið karllögmannna virðast sumar af þessum reglum og skyldum ekki vera jafn strangar. Það virðist sem kvenlögmennt fari ekki jafn harkalega á skjön við kvenleikreglur þegar þær starfa við hlið karla, jafnvel þótt það sé á jafningjagrundvelli. Vegna þessa glíma þær ekki við sama mótlæti hvað trúverðugleikann varðar og þurfa því ekki að lúta jafn ströngum reglum um hegðun og útlit.

Nærvera karllögmannna, og samstarf við þá, virtist líka oft gera kvenlögmenntum auðveldara með myndun tengslanets sem framakonur eiga almennt erfiðara með en framakarlar. Þetta virðist fyrst og fremst vera vegna þess að karlar eru enn ráðandi í atvinnulífinu og stjórnunarstöðum og þeir virðast almennt líklegri til að eiga viðskipti og samskipti við aðra karla en við konur. Það er því kaldhæðnislegt að karlar virðast síður velja konur í tengslanet sitt vegna þess að þeir upplifa að þær hafi ekki sama trúverðugleika og



Ljósmynd: M. Flóvent

karlar. Á sama tíma skortir þær trúverðugleika vegna þess að þær hafa veikt tengslanet.

Valdahlutfallið skiptir máli

Viltu senda lögmönnum einhver skilaboð?

Það er mikilvægt að átta sig á því að kynjamisrétti væri löngu úr sögunni ef vandamálið væru nokkrir leiðinlegir karlar með ekkert álit á konum. Gamaldags hugmyndir og viðhorf eru lífsseig, lúmsk og gegnsýrandi. Vandinn er því kerfislægur.

Tungumál skiptir miklu máli og orð eru til alls fyrst. Tölum um fólk frekar en menn þegar átt er við bæði konur og karla. Til dæmis starfsfólk en ekki starfsmenn. Þótt orðið „maður“ eigi að vera regnhlífaheiti yfir bæði karla og konur er staðreyndin sú að venjulega talar fólk um konur og menn – því er augljóst að þegar talað er um „mann“ þá er átt við karl en ekki konu. Allt tal um „...menn þetta og menn hitt...“ er því útilokandi fyrir konur og stuðlar að óbreyttu ástandi frekar en að stuðla að jafnrétti. Haldið reglulega fundi á lögmennstofunum ykkar. Þetta er enn mikilvægara

á lögmennstofum þar sem kynjahlutfallið/valdahlutfallið er mjög ójafnt. Upplifi starfsfólk að rödd þess og skoðanir heyrst, og það skipti máli, styrkir það stöðu þeirra, stuðlar að meiri ánægju í starfi og betra starfsumhverfi – betri vinnustaðamenningu. Reglulegir fundir skipta máli þar sem það er talsvert auðveldara að tjá skoðanir sínar, láta rödd sína heyrast, þegar fólk býðst vettvangur til þess.

Athugið að það þarf meira en hausatalningu á vinnustað til ná raunverulegu kynjajafnvægi, valdið þarf að skiptast jafnt á konur og karla. Þetta virðist frekar algengt vandamál í lögmennsku á Íslandi, jafnvel þótt konum í lögmennsku hafi fjölgað gríðarlega þá fara karlar almennt frekar með valdið. Það er öllum til góðs, konum og körlum, að fullt jafnrétti náist í lögmennsku, sem og annars staðar.

[Anna Lilja Hallgrímsdóttir](#)

juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
580 4400
www.juris.is



Andri Árnason, hrl.
Edda Andradóttir, hrl., LL.M.
Finnur Magnússon, hrl., LL.M.
Halldór Jónsson, hrl.
Lárus L. Blöndal, hrl.
Sigurbjörn Magnússon, hrl.
Simon David Knight, solicitor
Stefán A. Svansson, hrl., LL.M.
Vífill Harðarson, hrl., LL.M.



Í fremstu röð í hundrað og ellefu ár. LOGOS sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmennstofa á Íslandi sem á sér lengsta sögu. Heiðarleiki, fagmennska og metnaður er sá grunnur sem velgengni LOGOS byggir á.

Efstaleiti 5 • 103 Reykjavík • Iceland • +354 540 0300 • logos.is • logos@logos.is

LOGOS

MÁLÞING FKL

JAFNRÉTTISPARADÍSIN ÍSLAND?



Mánudaginn 5. mars sl. var haldið málþing á vegum Félags kvenna í lögmennsku á Hallveigarstöðum undir yfirskriftinni „Jafnréttisparadísin Ísland?“. Tílefnið var heimsókn systurfélags frá New York „Women’s Bar Association in the State of New York“ (WBASNY).



Sonja Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB hélt erindi um jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaðinum og hvað hefur verið gert á Íslandi í gegnum árin til að stuðla að jafnrétti kynja. Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands fjallaði um evrópskt lagaumhverfi og jafnrétti í víðara samhengi, s.s. beina og óbeina mismunun vegna uppruna, kynþáttar, fötlunar og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, sagði frá því hvernig lögreglan nálgast mál sem þjónustustofnun frekar en valdastofnun. Einnig var fjallað um stöðu kvenna innan lögreglunnar og um mikilvægi þess að fjölga konum innan stéttarinnar. Þá kynntu þau Grímur Sigurðsson lögmaður og Marta Margrét

Ö. Rúnarsdóttir lögfræðingur skýrslu vinnuhóps LMFÍ um starfsumhverfi lögmanna og áhrif fjölskylduábyrgðar.

Nokkrar stjórnarkonur WBASNY fjölluðu um aðdraganda þess að félag kvenna í lögmennsku í New York var stofnað og sögðu frá sinni persónulegri reynslu og upplifun af jafnréttisbaráttu kvenna í Bandaríkjunum. Líflegar umræður sköpuðust á málþinginu sem var afar skemmtilegt en því lauk svo með samantekt og lokaorðum frá formanni FKL, Kolbrúnu Garðarsdóttur. Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl og stjórnarmaður FKL sá um fundarstjórn.

RÉTTLÁT MÁLSMEDFERÐ

VIÐ MÁLSKOT TIL ÆÐRI DÓMS SAMKVÆMT 6. GR. MSE

Fyrsti hádegisverðarfundur ársins 2018 var haldinn þann 12. janúar sl. í samstarfi við hina nýju dómstólasýslu sem tók til starfa um áramótin. Róbert R. Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, fór yfir helstu atriði sem huga þarf að við að tryggja réttláta málsmeðferð við málskot til æðri dóms samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópuog fór yfir lykildóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Málskotsstig og skilyrði fyrir málskoti

Róbert hóf erindi sitt á því að fara yfir kröfur 6. gr. MSE til málskots, bæði í einkamálum og sakamálum, og fór einnig stuttlega yfir tengsl 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar við ákvæðið. Kom m.a. fram að gildissvið stjórnarskrárinnar væri nokkuð rýmra en 6. gr. MSE og að túlka yrði ákvæði stjórnarskrárinnar með hliðsjón af því. Réttarfarreglum á sviði einkamála og sakamála yrði ekki beitt í tilteknu máli án þess að túlkun og beiting þeirra fullnægði bæði grundvallarreglu stjórnarskrárinnar og MSE um réttláta málsmeðferð. Að íslenskum lögum dugi þannig stundum ekki að horfa einangrað á ákvæði réttarfarlaga og leggja eingöngu dóm á mál á þeim grundvelli.

Hvað varðar réttinn til aðgangs að málskotsstigi þá fór Róbert yfir að 6. gr. MSE fæli ekki í sér sjálfstæðan rétt til

málskots. Ef málskotskerfi væri til staðar hjá aðildarríkjum þá yrði það hins vegar að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í ákvæðinu. Hér skipti eðli málskotsstigsins ekki máli en kveðið væri á um sjálfstæðan rétt til málskots í sakamálum í 2. gr. 7. viðauka við MSE, sem Ísland hefði ekki gert fyrirvara við. Þó væri samspil 2. mgr. 7. viðauka við 6. gr. MSE ekki alveg ljóst. Endurskoðun MDE fæli í sér afstæðan mælikvarða og dómstóllinn skoðaði áhrif beitingu réttarfarreglu á stöðu kæranda.

Dómstóllinn leyfði mikið svigrúm til mats varðandi skilyrði fyrir málskoti, s.s. með tímafrestum, form- og efniskröfum um inntak yfirlýsinga, skilyrði um aðstoð lögmanns og gjöld ýmiss konar eða tryggingu fyrir fjárgreiðslu. Áréttaði Róbert að um takmarkanir á aðgangi að málskotsstigi giltu sömu sjónarmið og um takmarkanir á aðgangi að dómstólum



Fundurinn hófst á því að Benedikt Bogason, hæstaréttardómari og formaður stjórnar dómstólasýslunnar, fór stuttlega yfir hina nýju dómstólaskipan og verkefni dómstólasýslunnar sem væri til þess fallin að efla sjálfstæði dómstólanna og samræma og bæta stjórnsýslu þeirra.

endranær; þær yrðu ávallt að stefna að lögmeðu markmiði og fullnægja meðalhófskröfum.

Ljóst er að kröfur 6. gr. MSE eru ólíkar eftir því hvort um er að ræða málskot til æðri dóms sem hefur fullar endurskoðunarheimildir á málsatvikum og lagaatriðum eða æðri dóms sem hefur takmarkaðar heimildir til endurskoðunar.

Grundvallardómar

Það var áhugavert að heyra umfjöllun Róberts um dóma sem skipta máli við túlkun á 6. gr. MSE. Rakti hann sérstaklega dóm MDE í máli Hansen gegn Noregi frá árinu 2014, sem hann telur mikilvægan í norrænu samhengi um þau sjónarmið sem horfa ber til við mat á hvort gætt hafi verið réttlátrar málsmeðferðar á málskotsstigi. Málið varðaði deilur á milli fyrrum maka um fjárskipti við lok hjúskapar. Áfrýjunardómstóll hafnaði beiðni um áfrýjunarleyfi með þeirri athugasemd einni að vísa til viðeigandi lagaákvæða og taka fram að engar líkur væru á því að fallist yrði á kröfur aðila. Hæstiréttur hafnaði jafnframt beiðni hans um áfrýjunarleyfi. Kærandi hélt því fram fyrir MDE að skortur á rökstuðningi fyrir synjun á áfrýjunarleyfi af hálfu áfrýjunardómstólsins hefði brotið í bága við 6. gr.

MSE. Þau sjónarmið sem MDE beitti við matið voru eðli málskotskerfis, áhrif málskots í heildarmati á málsmeðferð í einkamáli, eðli og umfang valdheimilda æðra dómsstigs og hvernig gætt var að hagsmunum kæranda fyrir æðri dómi. Þá telur Róbert mál Jussila gegn Finnandi frá árinu 2006 grundvallardóm hvað varðar kröfuna til munnlegrar málsmeðferðar á málskotsstigi en munnleg og opinber málsmeðferð er grundvallarregla skv. 6. gr. MSE og gildir bæði í einkamálum og sakamálum. Áréttaði Róbert að ef ágreiningur á málskotsstigi beindist að sönnunatriðum eða atvik væru að öðru leyti umdeild yrði málsmeðferð að jafnaði að vera munnleg en við matið væri heimilt að líta til hagræðis- og kostnaðarsjónarmiða.

Sönnun, gagnaöflun og jafnræði

Róbert sagði að áfrýjun efnisdóms í sakamálum áskildi jafnan fulla endurskoðun á atvikum og lagaatriðum á (fyrsta) málskotsstigi. MDE færi jafnan afar varlega í að gagnrýna sönnunarmatið sjálft. Hins vegar væri það liður í réttlátri málsmeðferð að aðferðir við sönnunarmatið séu til þess fallnar að varpa ljósi á málsatvik og nefndi Róbert í því sambandi sérstaklega dóm MDE í máli Sigurþórs Arnarssonar gegn Íslandi frá árinu 2003. Tók hann fram að ekki væri útilokað að sambærilegar kröfur yrðu gerðar til



Róbert Ragnar Spanó dómari við MDE.

endurskoðunar sönnunarmats á málskotsstigi í einkamálum og nefndi til sögunnar dóm Súsönnu Rósar Westlund gegn Íslandi frá árinu 2007.

Hvað varðar sjálfstæða gagnaöflun æðri dóms og jafnræði málsaðila þá sé dómstólum almennt heimilt að ráðast í sérfræðilega gagnaöflun. Í þeim tilvikum þar sem áhrif sérfræðilegs mats sé verulega þýðingarmikið við endanlega úrlausn máls, verði æðri dómur hins vegar að gæta að jafnræði aðila með því að tryggja hæfi sérfræðinga gagnvart aðilum mála. Rakti Róbert sérstaklega mál Söru Lindar Eggertsdóttur gegn Íslandi frá árinu 2007.

Rökstuðningur dóma og svigrúm æðri dóms

MDE gerir kröfu til þess að í dómi þurfi að gera grein fyrir þeim röksemdum sem höfðu þýðingu fyrir niðurstöðu máls. Jafnframt þyrfti að gera grein fyrir dómafordæmum ef að undantekningar væru frá þeirri meginreglu að æðri dómur geti látið duga að vísa til forsendna undirréttar. Einnig bæri millidómsstigi, sem hefur vald til að endurskoða bæði sönnun atvika og lagaatriði, að rökstyðja synjun á málskotsleyfi.

Meginreglan í sakamálum er sú að sakaður maður á rétt á því að mál hans sé dæmt á fyrsta dómsstigi í samræmi við 6. gr. MSE og að af því leiði að annmarkar á meðferð máls þar verði ekki lagfærðir á æðra stigi. Róbert tók þó fram að á þessu kunni að verða gerðar undantekningar þegar þær afleiðingar sem annmarkinn hefur haft á rétt sakaðs manns eru í eðli sínu með þeim hætti að æðra dómsstig getur tryggt réttláta málsmeðferð. Í sakamálum þurfi hugsanlega að taka tillit til réttarins til að áfrýja sakamáli samkvæmt 2. gr. 7. viðauka við túlkun 6. gr. MSE við mat á hvort fallist verði á að æðra dómstig geti lagfært annmarka. Hins vegar sé rýmra svigrúm í einkamálum.



Hæfi dómara og hlutverk

Í lok fundarins fór Róbert yfir hvaða áhrif vanhæfi eins dómara hefði á hæfi annarra dómenda skv. 6. gr. MSE. Hann áréttaði að landsdómstólar væru skuldbundnir til þess að túlka og beita innlendum réttarfarsreglum á grundvelli 6. gr. MSE eins og það ákvæði hefur verið túlkað af MDE og það væri innlendi dómarmanninn sem tryggði réttláta málsmeðferð. Það væri landsdómarans að veita og meta í hverju tilviki þau sjónarmið sem vegast á þegar reynir á regluna um réttláta málsmeðferð og rökstyðja afstöðu sína.

Að lokinni framsögu Róberts urðu líflegar umræður um fundarefnið en vegna biðraðar við inngang hófst fundurinn töluvert á eftir áætlun og gafst því skemmri tími til umræðna en ella. Reimar Pétursson, formaður LMFÍ, sleit fundinum með umfjöllun um að með nýrri dómstólaskipan væri stigið stórt skref í að auka réttaröryggi og efla vernd mannréttinda hér á landi. Tók hann sérstaklega fram að með því hefði annað af stærstu réttindamálum sem LMFÍ hefði barist fyrir náð fram að ganga. Einnig hefði tekist að ná fram árangri varðandi hleranir símtala milli lögmanna og skjólstaðinga með breytingum á löggjöf og hefðu dómarmann MDE verið lykillinn að því að ná þeim lagabreytingum í gegn. Vísaði hann til þess að lögmenn hefðu líka þá ábyrgð að nota MSE og benda á dóma MDE í sínum málflutningi og að brýna yrði dómstóla til þess að gleyma því ekki að hlutverk mannréttindareglna væri að vernda borgara en ekki stjórnvöld en vísbendingar væru í dómafrákvæmd um fremur þröngan skilning á mannréttindum hér á landi.

Heiða Björg Pálmadóttir

Almenni er öðruvísi

Vandaðu valið á lífeyrissjóði

Það eru **ekki** allir lífeyrissjóðir eins.

Hér eru nokkur atriði sem aðgreina Almenna frá öðrum sjóðum:



Priðjungur af skyldusparnaði í séreignarsjóð

- Að minnsta kosti þriðjungur af skyldusparnaði fer í séreignarsjóð sem erfist og sjóðfélagar geta tekið út þegar þeir eru 60 ára.
- Það getur látið drauma rætast og gert eftirlaunaárin sveigjanlegri.



Eingöngu sjóðfélagar í stjórn

- Hjá Almenna eru eingöngu sjóðfélagar í stjórn kjörnir af sjóðfélögum.



Upplýsingamiðlun og þjónusta í sérflokki

- Almenni leggur áherslu á miðlun upplýsinga til sjóðfélaga þannig að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir.
- Almenni var valinn lífeyrissjóður ársins 2017 af fagtímaritinu European Pensions sem segir sjóðinn leggja megin áherslu á þjónustu við sjóðfélaga.



Sjóðfélagar ráða ferðinni

- Sjóðfélagar geta valið á milli sjö ávöxtunarleiða.
- Á sjóðfélagavef geta sjóðfélagar fylgst með söfnun og ávöxtun réttinda og séreignar auk þess að gera áætlanir og breytingar á ávöxtunarleiðum.

JÓLASNAPSMÓT LMFÍ

NÝ KYNSLÓÐ KOMIN FRAM Á SJÓNARSVIÐIÐ



Hið árlega jólasnapsmót LMFÍ var haldið í íþróttahúsi Fram í Safamýri þann 21. desember s.l.

Sex lið mættu til leiks. Það voru KF Þrumar, Opus, KPMG lögmenn, KF Ungir og LEX lögmenn og Land.

Segja má að það séu að verða kynslóðaskipti í fótbolthanum eins og annars staðar. Sá sem þetta ritar saknar þess reyndar að eldri leikmenn hafi dregið sig of snemma í hlé, menn á bezta aldri, sem hafa snúið sér að öðrum og litlausari íþróttum, t.d. golfi.

Þrumumenn komu ekki með fullskipað lið en fengu einn skiptimann, Smára Hilmarsson, á síðustu stundu til að styrkja liðið. Máttarstólpar liðsins voru fjarverandi, þeir Guðni Á. Haraldsson og Grétar Jónasson sem tilkynnti sig veikan rétt fyrir leik. Engu að síður var mætt til leiks, bitíð

í skjaldarrendur og menn staðráðnir í að ná a.m.k. í silfrið eins og liðinu hefur tekist tvívegis áður. Lið Þrumunar var skipað reynsluboltum og yngri mönnum, sem eru afar efnilegir, þeim Þóri Júlíussyni, Einari Brynjarssyni og Ívari Þór Jóhannssyni.

Uppistaðan í hinum liðunum voru ungir karlar og ein kona, öll ákveðin í að láta til sín taka. Nú þegar konur eru orðnar fjölmennar í lögmennastétt væri góð tilbreytni að sjá þær taka þátt í móti sem þessu eða þá að stofna til sér kvennamóts.

Í liði KPMG lögmanna var einn leikmaður sem vakti sérstaka athygli fyrir lipra boltameðferð en lið hans hafði ekki erindi sem erfiði, þar sem það lenti í 5. sæti.

Eins og endranær spilaði Þrumar glæsilegan fótbolta og nýttu þeir eldri reynzlu sína og staðsetningar meðan yngri leikmennirnir notuðu hraða sinn, leikni og þol til



hins ýtrasta. Það gafst þó ekki nægilega vel enda stuttur undirbúningur fyrir mótið. Þruman vann einn leik en aðrir töpuðust með minnsta mun.

Hörkubarátta var um gullið. Stóð baráttan milli þeirra Lex manna og KF Ungra og mátti vart á milli sjá hvorir hefðu betur. Það var ekki ljóst fyrr en í síðustu umferðinni að KF Ungir myndu standa uppi sem sigurvegarar. Voru þeir vel að verðlaunum komnir og kampakátir í leikslok. Reyndar hefði verið gaman að sjá silfur- og bronspeningum úthlutað til þeirra, sem lentu í 2. og 3. sæti en úrslitin urðu eftirfarandi:

| | |
|-----------|----------------|
| KF Ungir | 13 stig |
| Lex | 10 stig |
| Land | 6 stig, 8 mörk |
| Opus | 6 stig, 7 mörk |
| KPMG | 4 stig |
| KF Þruman | 3 stig. |

Fyrir þann, sem þetta ritar er knattspyrna afar skemmtileg íþrótt, sem eflir félagsanda og samkennd. Þar geta farið saman fótfinni, þol, áráðni, auga fyrir samspili, harka og fleiri aðrir ótaldir eiginleikar. Í fótbolta má oft greina lyndiseinkunn og skapferli leikmanna. Dagfarsprúðir menn geta breytt í berserki um leið og þeir stíga yfir línuna. Fótboltinn er einnig góð leið til að losna við streitu, sem fylgir lögmannsstarfinu. Að þessu sinni sýndu allir þróðmannlega framkomu og engin óhöpp urðu nema einn liðsmaður Lands lögmanna sleit hásin.

Segja má að framtíð knattspyrnunnar sé björt hjá lögmanna stéttinni, þar sem fjöldi eldri lögmanna stundar knattspyrnu að staðaldri og stöðugt bætast yngri menn í hópinn. Lögmannafélagið á þakkir skildar fyrir að standa fyrir þessu móti og vonandi verður svo um ókomin ár.

Magnús Björn Brynjólfsson hrl.

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Einar Páll Tamimi

Nordik – legal services, Skólavörðustíg 12, 3. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 522-5200

Diljá Mist Einarsdóttir

Lögmál ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, Sími: 511-2000

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Agnar Þór Guðmundsson

Fulltingi slf., Höfðabakka 9, 108 Reykjavík, Sími: 533-2050

Jón Elvar Guðmundsson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Guðrún Ólöf Olsen

Njord law, Pilestræde 58, 1112 Kaupmannahöfn, Danmörk, Sími: +4577401042

Linda Ramdani

Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 105 Reykjavík, Sími: 414-4100

Berglind Guðmundsdóttir

Landsbankinn, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, Sími: 410-7495

Magnús Ingvar Magnússon

LOCAL lögmennt, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Sími: 527-9700

Þórunn Lilja Vilbergsdóttir

Stakfell – Stóreign ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Sími: 535-1002

Hildur Sif Haraldsdóttir

VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Sími: 560-5328

Oddur Ástráðsson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

Þorvarður Arnar Ágústsson

Atlantik Legal Services, Höfðatorgi, 12. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 415-4725

Sigurður Ágústsson

Snæbjörn Valur Ólafsson

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2600

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Eiríkur Ragnarsson

EB legal ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, Sími: 822-2121

Kristján Valdimarsson

Borgun hf., Ármúla 30, 108 Reykjavík, Sími: 560-1600

Óskar Páll Óskarsson

Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík, Sími: 520-5600

Hákon Stefánsson

Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Sími: 414-4100

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir hdl.

Valitor hf., Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími: 525-2022

Sigurgeir Valsson

Landslög, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2900

Þórður S. Gunnarsson

Jus ehf., Seljurgerði 8, 108 Reykjavík, Sími: 859-9580

NÝR VINNUSTAÐUR

Vala Hrönn Viggósdóttir

Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík, Sími: 480-6000

Eyvindur Sveinn Sólnes

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2606

Ágúst Karl Karlsson

Ius lögmannsstofa, Smáratorgi 3, Turninn 17. hæð, 201 Kópavogi, Sími: 699-1404

Friðleifur Egill Guðmundsson

FG Legal, Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík, Sími: 661-4845

Grímur Már Þórólfsson

Lögmannsstofa Gríms Márs Þórólfssonar, Katrínartúni 2, 17. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 823-2706

Theodór Kjartansson

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 411-1600

Þórdís Bjarnadóttir

Deloitte ehf. Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, Sími: 580-3454

Harpa Hörn Helgadóttir

Bótaréttur og Hörn ehf., Kringlunni 7, húsi verslunarinnar 11. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 517-7171

Börkur I. Jónsson

Lögmenn Kópavogi, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi, Sími: 571-1600

Ragnar Björgvinsson

Glitnir HoldCo ehf., Ármúla 4, 108 Reykjavík, Sími: 844-2522

NÝTT AÐSETUR

Hólmgeir E. Flosason

Dexter legal & holding ehf., Garðatorgi 5, 210 Garðabæ, Sími: 777-1212

Eva B. Helgadóttir

Sonja H. Berndsen

LMB Mandat slf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík, Sími: 511-1190

Jónas Friðrik Jónsson

Rökstólar ehf., Tjarnargötu 36, 101 Reykjavík, Sími: 565-4450

Bragi Björnsson

Lögvörn ehf., Laugavegi 182, 101 Reykjavík, Sími: 512-1212

Anna Linda Bjarnadóttir

Lexista ehf., Katrínartúni 2, 16. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 595-4545

Benedikt Ólafsson

Lögmenn, Lágmúla 7 (5. hæð), 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

SKILYRÐI ÁFRÝJUNARLEYFIS FYRIR HÆSTARÉTTI NOREGS

Þann 16. febrúar sl. hélt Arnfinn Bårdsen, dómari við Hæstarétt Noregs, fyrirlestur á vegum Lögmannafélags Íslands sem bar heitið „Deciding what to decide: The filtering mechanism in the Norwegian Supreme Court“. Í fyrirlestrinum fór hann yfir mikilvægustu þætti þess kerfis sem Hæstiréttur Noregs notar við mat á því hvort veita skuli áfrýjunarleyfi. Með fyrirlestrinum vonaðist hann til að veita Íslendingum innblástur við innleiðingu svipaðs kerfis hér á landi en réttarkerfi ríkjanna eru að mörgu leyti sambærileg.

Veiting leyfis til áfrýjunar

Í norskum rétti má finna skilyrði áfrýjunarleyfis í lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála. Samkvæmt þeim er óheimilt að áfrýja máli til Hæstaréttar Noregs án hans leyfis og skal aðeins veita leyfi hafi málið almenna þýðingu eða ef það er af öðrum ástæðum talið sérstaklega mikilvægt að taka málið til umfjöllunar. Veiting leyfisins er í höndum sérstakrar nefndar sem er hluti af Hæstarétti Noregs en ekki sérstakur lögaðili. Um hlutverk og heimildir nefndarinnar er fjallað í lögum og nefndin hefur sett eigin verklagsreglur. Nefndin nýtur aðstoðar Legal Secretariat sem samanstendur af 23 lögfræðingum en þegar mál berast dómstólnum eru þau fyrst vandlega skoðuð af einum lögfræðingi sem skrifar skýrslu til þeirra þriggja dómara sem síðan taka málið fyrir. Skýrslan á að innihalda samantekt af viðkomandi máli, þeim lögfræðilegu atriðum sem á reynir og tillögu um hvort veita skuli áfrýjunarleyfi. Það má því segja að vinna lögfræðinganna sé afgerandi fyrir bæði gæði og hraða málsmeðferðarinnar. Lögfræðingarnir fara hins vegar ekki með ákvörðunarvald heldur hvílir það hjá þeim þremur dómurum nefndarinnar sem fara með viðkomandi mál og þær skýrslur sem verða til eru aldrei gerðar aðgengilegar aðilum máls.

Ákvörðun um að veita ekki áfrýjunarleyfi verður að vera samhljóða, hins vegar er nóg að einn af þremur dómurum samþykki að veita áfrýjunarleyfi. Þessi tilhögun er m.a. talin minnka líkurnar á því að leyfi sé ekki veitt þar sem það hefði átt veita. Áfrýjunarleyfi getur einnig verið veitt fyrir hluta

máls. Slík tilhögun gerir dómstólnum kleift að taka þann hluta máls til úrlausnar sem líklegastur er til að hafa virk fordæmisáhrif. Hafni nefndin að veita áfrýjunarleyfi skal sá sem óskaði leyfis greiða mótherja sínum þann kostnað sem hann hefur orðið af. Nefndinni er ekki skylt að rökstyðja slíka ákvörðun og viðkomandi nýtur engra úrræða til að fá ákvörðunina endurskoðaða. Meginreglan er einnig sú að nefndin getur ekki breytt niðurstöðu sinni. Að því marki sem leyfi er veitt er ekki hægt að draga það til baka né skilyrða það með öðrum hætti eftir að ákvörðun hefur verið tekið og það eru engin úrræði sem standa mótherjanum til boða sé hann ósáttur.

14% mála tekin fyrir

Á tímabilinu 2010-2017 hafa að meðaltali 14% þeirra mála sem berast dómstólnum fengið áfrýjunarleyfi. Að undanfögnu hefur áfrýjunarleyfum vegna einkamála fjölgað og má það að einhverju leyti rekja til breyttrar stefnu dómstólsins en hann hefur reynt að koma til móts við óskir lögmannsstettarinnar um að fleiri einkamál séu tekin fyrir. Þau sakamál sem fá áfrýjunarleyfi varða oft málsmeðferðina, og þá einkum með vísan til Mannréttindasáttmála Evrópu eða annarra alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Einkamálin varða einkum skattalög eða bætur fyrir óréttmætar aðgerðir eða aðgerðaleyfi.

Skilyrði áfrýjunarleyfa

Aðalskilyrði áfrýjunarleyfis er að mál hafi almenna þýðingu, þ.e. þýðingu umfram það mál sem er til skoðunar. Skilyrði þetta hefur sterk tengsl við það hlutverk dómstólsins að vera fordæmisgefandi. Í þessu sambandi skiptir lagalegi þáttur málsins mestu þar sem mat dómstólsins á sönnunargögnum hefur ekki almenn áhrif heldur einungis fyrir viðkomandi mál. Við mat á því hvort þessu skilyrði sé fullnægt verður nefndin að spyrja sig hvort þörf sé á nýju fordæmi um það lagalega álitæfni sem á reynir. Nefndin verður einnig að vera sannfærð um að niðurstaðan hafi verulegt og hagnýtt gildi fyrir aðra en aðila máls. Það hefur því ekki úrslitaáhrif hvort niðurstaðan hafi sem slík þýðingu fyrir aðila máls



heldur hvort niðurstaðan kunni að hafa þýðingu fyrir kerfið og samfélagið í heild. Einkum er þörf á úrskurði réttarins þegar lög skera ekki úr eða gefa ekki nægilega skýrt svar. Þörfin á samræmdri beitingu laga krefst þess jafnframt að dómstóllinn grípi inn í. Það er hins vegar ekki nóg að sannfæra nefndina um að málið þarfnist úrlausnar samkvæmt framangreindu heldur að viðkomandi mál sé hið rétta mál í þeim efnum.

Ef mál er ekki talið hafa almenna þýðingu getur nefndin eftir sem áður veitt áfrýjunarleyfi hafi úrlausn málsins

sérstaka þýðingu af öðrum ástæðum. Það sem haft er í huga eru í fyrsta lagi mál sem hafa sérstaka þýðingu fyrir einkaaðila, hvort sem hagsmunirnir eru persónulegir eða fjárhagslegir. Í öðru lagi ef það eru ríkar ástæður að ætla að niðurstaða áfrýjunardómstóls hafi verið lagalega röng eða grundvallarmistök hafi átt sér stað við meðferð málsins sem gætu hafa haft afgerandi áhrif á niðurstöðuna. Þröskuldurinn er hár í einkamálum en virðist vera aðeins lægri í sakamálum. Fræðilega er því um að ræða tvö aðskilin skilyrði en þau eru oft skoðuð saman.

Nokkur ráð

Að lokum gaf Arnfinn Bårdsen nokkur ráð til þeirra lögfræðinga sem huga að áfrýjun máls til Hæstaréttar:

- Vertu raunsær. Í flestum tilfellum er beiðni um áfrýjunarleyfi hafnað. Er þitt mál sérstakt að einhverju leyti og þá hvers vegna?
- Áfrýjaðu einungis þeim hluta máls sem hefur raunhæfan möguleika á að hljóta samþykki dómstólsins.
- Útskýrðu fyrir dómstólnum hvers vegna beiðni þín um áfrýjunarleyfi ætti að vera samþykkt með vísan til þeirra skilyrða sem þarf að fullnægja.
- Einblíndu á þær röksemdir sem skipta máli og hafðu mál þitt stutt. Bestu beiðnirnar eru þær stuttu.

RÍKIÐ SEM AÐILI AÐ DÓMSMÁLI frh. af bls 4

lögjafans, eins og viðkomandi stjórnvald skilur hann [...] Á það hefur líka verið bent að stjórnvald þurfi sem aðili að dómsmáli að gæta hlutlægni í málalíðunni sínunni og sé þar í áþekkri stöðu og ákærvald í sakamálum [...]

Stjórnvöld þurfi því að fara fram með málsástæður sínar og kröfur á grundvelli málsforræðisreglunnar en að gættum framangreindum sjónarmiðum.

Umboðsmaður lýsir því að lokum að hann hafi safnað að sér upplýsingum sem kunni að vera til marks um þá auknu tilhneigingu stjórnvalda til fráviks frá framangreindum kröfum stjórnvaldsráttarins og að til almennrar frumkvæðisathugunar kynni að koma vegna þessa. Ákvörðun um hvort og hvenær ráðist yrði í slíka athugun lægi ekki fyrir og væri háð utanaðkomandi þáttum, m.a. því að embættið hafi þegar til skoðunar kvörtun sem lesa má út úr bréfi umboðsmanns að tengist framangreindum hugleiðingum hans.

Það verður einkar fróðlegt fyrir lögmenn að fylgjast með því hver afdrif þeirrar kvörtunar verða og hvort afgreiðsla umboðsmanns á henni muni kalla á frekari umræður, og hugsanlega aðgerðir, af hálfu stjórnvalda til að tryggja að lögmatísreglan sé í heiðri höfð við mótun og framsetningu á kröfum stjórnvalda og málsástæðum í ágreiningsmálum fyrir dómstólum og úrskurðarnefndum.

Allt að einu er það mat pistlahöfundar að í bréfi umboðsmanns sé að finna þarfa og afar athygliverða ábendingu um háttsemi ríkisvaldsins í tengslum við rekstur ágreiningsmála gagnvart borgurinum. Þær ábendingar beri stjórnvöldum að taka til sín. Þá munu lögmenn sem taka að sér hagsmunagæslu fyrir ríkið væntanlega ekki komast hjá því að hafa lögskýringar umboðsmanns í framangreindu bréfi til hliðsjónar í störfum sínum fyrir stjórnvöld og tryggja að lögmatísreglan sé ætíð í heiðri höfð.

Endurmenntun fyrir lögfræðinga

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á endurmenntun fyrir lögfræðinga með námskeiðum á meistarastigi.

Námskeið á haustönn 2018

Auðgunar- og efnahagsbrot

Kennari: Björn Þorvaldsson o.fl.

Barnaréttur

Kennarar: Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Dögg Pálsdóttir

Bótaréttur

Kennarar: Þóra Hallgrímsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

Endurskoðun og eftirfylgni stjórnvaldsákvarðana

Kennarar: Margrét Vala Kristjánsdóttir og Kristín Haraldsdóttir

Fjölmiðlaréttur

Kennari: Halldóra Þorsteinsdóttir

Fullnustaréttarfar

Kennari: Eiríkur Elís Þorláksson

Gagnaöflun og málflutningur í einkamálum

Kennarar: Heimir Örn Herbertsson og María Ellingsen

Mannréttindi og refsivörslukerfið

Kennari: Ragna Bjarnadóttir og fleiri

Höfundaréttur í upplýsingasamfélagi

Kennari: Tilkynnt síðar

Námskeið kennd á ensku

EEA Law Moot Court Competition

Kennari: Margrét Einarsdóttir

International and European Energy Law - Icelandic Energy Law

Kennari: Kristín Haraldsdóttir og fleiri

International Law and the Arctic

Kennari: Bjarni Már Magnússon

Refugee Law

Kennari: Katrín Oddsdóttir

The Law of the World Trade Organization

Kennarar: Þórdís Ingadóttir og James Mathis

Comparative Law

Kennari: Milosz Hodun

The Philip C. Jessup Int. Law Moot Court Competition I

Kennari: Þórdís Ingadóttir

European Law: Internal market

Kennari: Hallgrímur Ásgeirsson

Transfer Pricing

Kennarar: Ragnar Tjörvi Baldursson og Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir

Námskeið á vorönn 2019

Alþjóðlegur skattaréttur I

Kennari: Páll Jóhannesson

Auðlindaréttur

Kennari: Kristín Haraldsdóttir

Heilbrigðisréttur

Kennari: Dögg Pálsdóttir

Réttarsaga

Kennari: Magnús K. Hannesson

Lagasetning

Kennarar: Páll Þórhallsson og Kristín Haraldsdóttir

Sókn og vörn í sakamálum

Kennarar: Björn L. Bergsson og Karólína Finnbjörnsdóttir

Úrlausn ágreiningsmála

Kennari: Katrín Oddsdóttir

Vátryggingaréttur

Kennari: Þóra Hallgrímsdóttir

Persónuupplýsingaréttur

Kennari: Vigdís Eva Línal

Hagnýtur samningaréttur (fyrri hluta annar)

Kennari: Þórður S. Gunnarsson

Samningatækni (seinni hluta annar)

Kennari: Kristján Vigfússon

Sveitarstjórnaréttur (seinni hluta annar)

Kennari: Sesselja Erla Árnadóttir

Námskeið kennd á ensku

European Company Law

Kennari: Hallgrímur Ásgeirsson

European Law: State aid and Competition

Kennari: Tilkynnt síðar

International Courts and Dispute Settlements

Kennari: Þórdís Ingadóttir

Intellectual Property Rights in International Commerce; IP Agreements

Kennari: Hafliði K. Lárusson

International Protection of Human Rights

Kennarar: Davíð Þór Björgvinsson og Þórdís Ingadóttir

Legal English

Kennari: Erlendína Kristjánsson

The Phillip C. Jessup Int. Law Moot Court Competition II

Kennari: Þórdís Ingadóttir

Útskrifuðum lögfræðingum frá deildinni stendur til boða að sækja námskeiðin með 50% afslætti.

Sjá nánar á: hr.is/lagadeild

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is